
Endurbætur á fráveitukerfi Sveitarfélagsins Voga

Sveitarfélagið Vogar

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 6. október 2021 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Sveitarfélaginu Vogum um fyrirhugaðar endurbætur á fráveitukerfi Sveitarfélagsins Voga, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 10.09 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Umhverfisstofnunar, Samgöngustofu, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, Hafrannsóknastofnunar, Minjastofnunar Íslands og Sveitarfélagsins Voga.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Endurbætur á fráveitu Vogum. Útrás- Dælu- og hreinsistöðvar. Sveitarfélagið Vogar, September 2021.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Umhverfisstofnun, 28. október 2021
- Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja, 3. nóvember 2021
- Hafrannsóknarstofnun, 5. nóvember 2021
- Minjastofnun Íslands, 2. nóvember 2021
- Sveitarfélaginu Vogum, 3. nóvember 2021

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 15. desember 2021.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fyrirhuguð framkvæmd felst í endurbótum á fráveitukerfi Sveitarfélagsins Voga. Fráveitukerfi frá núverandi byggð er einfalt kerfi og er allt fráveituvatn tekið saman í eina útrás til sjávar sem er við hafnargarð neðst við Hafnargötu. Um er að ræða blandað frárennsli skólps, ofanvatns og affallsvatns hitaveitu.


Nú standa yfir framkvæmdir við nýtt hverfi, 1. áfanga Græuborgarhverfis, sem gert er ráð fyrir að byggist upp á næstu tíu árum. Fráveitukerfið sem matsskylduákvörðunin tekur til er ætlað að þjóna nýja hverfinu. Í fyrstu er gert ráð fyrir að um tiltölulega lítið skólp magn sé um að ræða frá hverfinu sem síðan eykst eftir því sem hverfið stækkar og byggist upp.

Fráveitukerfi nýs hverfis, Græuborgarhverfis, verður tvöfalt kerfi með aðskildu frárennsli skólps og ofanvatns af götum. Ofanvatni frá húsum og lóðum verður veitt í jörðu innan lóða og affallsvatni hitaveitu verður veitt í ofanvatnslögn í götu. Skólpi verður veitt til sjávar um útrás með sjálfrennsli neðan Vesturborgar og Sjávarborgar. Ofanvatn af götum og affallsvatn hitaveitu fer um sér útrás til sjávar á sama stað.



Fyrsti áfangi fyrirhugaðra framkvæmda felst í því að leggja nýja útrás sem er $\varnothing 355$ PEH sjólögn á haf út sem er um 420 m löng og endar á um 5 m dýpi, $\varnothing 400$ PEH ofanvatnslögn og yfirfallslögn sem liggja samsíða sjólögninni og liggja í fjöru og eru um 80 m langar. Lagnirnar liggja frá fyrirhugaðri dælu- og hreinsistöð sem verður staðsett ofan núverandi sjóvarnargarðs, neðan við göturnar Vesturborg og Sjávarborg í Græuborgarhverfi, og leggjast undir sjóvarnargarðinn á leið sinni um fjöru og á haf út. Hluti sjólagnar verður niðurgrafinn í fjöru og hluti lagður í sjó með steinsteyptum festum, sem einnig á við um ofanvatns- og yfirfallslagnir að hluta. Rjúfa þarf sjóvarnargarð á 10 – 15 m kafla, um 150 m^3 , á meðan lögnum er komið þar fyrir og síðan verður gengið frá garðinum í samræmi við það sem áður var með sama grjóti og er fyrir í sjóvarnargarðinum. Heildarefnismagn vegna jarðvinnu er áætlað um 900 – 950 m^3 af uppgreftri og fyllingu og 540 m af fráveitulögnum.

Í framhaldi af fyrsta áfanga verða byggðar hreinsi- og dælustöðvar fyrir nýja útrás Græuborgarhverfis og núverandi útrás við Hafnargötu. Hreinsun skólps Græuborgarhverfis verður til að byrja með grófhreinsun með rist en gert er ráð fyrir að síðar verði bætt við eins þreps hreinsun með síun þegar þess verður þörf í takt við uppbyggingu þeirra svæða í framtíðinni sem útrásin þjónar. Hreinsistöðin við Græuborgarhverfi mun ráða við 80 lítra á sekúndu af skólpi sem er vel umfram hönnunarrennsli stöðvarinnar. Bætt Hafnargötuútrás verður grófhreinsun með rist og eins þreps hreinsun með síun. Hreinsistöðin mun ráða við að hreinsa 40 lítra á sekúndu af skólpi sem er 30% umfram hönnunarrennsli stöðvarinnar. Núverandi útrás nær um 300 metra frá strönd og er á rúmlega 5 metra dýpi.



Mynd 1. Kort af Sveitarfélaginu Vogum, ásamt staðsetningu á fyrirhuguðum útrása og dælu- og hreinsistöðvum fráveitukerfa Voga. Bleiki hluti Voga er núverandi byggð og græni hlutinn sýnir nýtt hverfi, Græuborgarhverfi.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að æskilegt er að notast sé við blágrænar ofanvatnslausnir, t.d. að ofanvatnið sé hreinsað með því að veita því í settjörn áður en það er losað út í viðtaka. Stofnunin telur þó afar jákvætt að sveitarfélagið ætli að hreinsa fráveituvatn með síun sem dregur úr neikvæðum áhrifum fráveituvatns á viðtakann. Með því eru ekki einungis losuð lífræn efni heldur einnig rusl, plast og annað sem mikilvægt er að hreinsa eftir bestu getu.



Sveitarfélagið Vogar telja slíkt hinsvegar erfitt í framkvæmd þar sem settjörnin þyrfti að vera í grennd við Mýrhúsatjörn sem gæti orðið fyrir áhrifum frá settjörnninni þar sem hún yrði á sama vatnasvæði og tjörnin.

4 UMHVERFISÁHRIF

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Sveitarfélagsins Voga og umsögnum umsagnaraðila.

Vatnsgæði viðtaka og sjávarbotn

Í greinargerð Voga kemur fram að heildar skólpmagn frá þegar byggðum svæðum og áætluðum er um 6200-7550 persónueiningar, sem ætlað er að veita um 400 metra frá strönd í Stakksfjörð, Vogavík og Faxaflóa. Viðtakinn telst vera síður viðkvæmur viðtaki, strandsjór fyrir opnu hafi þar sem straumar eru góðir og mun skólpið þynnast hratt við enda útrásar. Viðtakinn er það góður að viðunandi hreinsun telst vera grófhreinsun sem síar út sorp og aðskotahluti. Hönnun dælu- og hreinsistöðvanna býður upp á að bæta frekari síun í framtíðinni ef nauðsyn krefur. Ekki hefur orðið vart við sýnilega mengun í fjörum út frá núverandi hreinsistöð og magn saurkóligerla lágt skv. mælingum.

Fjaran neðan sjóvarnargarðsins þar sem fyrirhuguð útrás dælu- og hreinsistöðvarinnar á að rísa, er malar- og grjótfjara og í framhaldi hraunklappir sem vaxnar eru þangi. Sjávarbotn þar sem fyrirhuguð útrás kemur til með að liggja á, er hraun- og grjótbót með sandflákum á milli. Fjaran neðan sjóvarnargarðs sem útrás mun liggja um er óröskuð, en leitast er við að lögnin liggja á milli hraunklappa þar sem því verður viðkomið og rask verði sem minnst.

Umhverfisstofnun bendir á að hreinsað fráveituvatn frá stöðinni verður losað í strandsjávarvatnshlot sem hefur vatnshlotanúmerið 104-1382-C og nefnist Hafnir að Gróttu. Mikilvægt sé að fylgjast með vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi vatnshlotsins. Umhverfisstofnun telur æskilegt að gert sé ráð fyrir aðstöðu til að taka sýni í hreinsistöðinni áður en fráveituvatn er losað út, svo auðvelt sé að fylgjast með mengunarefnum sem losuð eru í viðtaka. Ef Vatnshlot uppfylla ekki umhverfismarkmið skv. reglugerð nr. 535/2011 skal grípa til aðgerða til þess að ná betra ástandi skv. stjórn vatnamála.

Hafrannsóknarstofnun biður um frekari útskýringar á því hvað átt væri við með sýnilegri mengun og hvernig hún er metin. Ásamt því að mælingar sem gerðar eru t.d á saurkóligerlum eða ítarlegri upplýsingar um þær kæmu fram.

Framkvæmdaraðili segir í svari sínu að gert sé ráð fyrir að mögulegt sé að taka sýni úr fráveituvatni í stöðinni. Mælingar á magni saurkóligerla á svæðinu liggja fyrir og skv. þeim gögnum eru umhverfismörk fullnægjandi í sveitarfélaginu. Með sýnilegri mengun er átt við hvort sýnilegir hlutir, s.s saur eða salernispappír, sé sýnilegur á sjó eða í fjörum og er það metið með sjónskoðun.

Vistkerfi og lífríki

Í greinargerð Voga kemur fram að fjaran þar sem útrás dælu- og hreinsistöðvarinnar mun rísa er þangfjara með klapparþangi og þaraskógi þegar neðar dregur og á botni. Búast má við að vistkerfi og lífríki fjöru og sjávarbotns sé áþekkt því sem er við sambærilegar þangfjörur við vesturströnd landsins. Ekki liggja fyrir nákvæmar rannsóknir eða kortlagning á vistkerfi og lífríki fjöru og sjávarbotns þar sem útrás mun liggja.

Mýrarhúsatjörn er í nágrenni við framkvæmdarsvæðið og er hún á náttúruuminjaskrá sem og nánasta nágrenni hennar. Um er að ræða lífríka tjörn með fjölbreyttu fuglalífi. Framkvæmdaraðili telur að áhrif framkvæmdarinnar verði engin á lífríki og vatnabúskap tjarnarinnar.



Umhverfisstofnun tekur undir það og telur ólíklegt að framkvæmdin hafi áhrif á lífríki og vatnabúskap tjarnarinnar en bendir á mikilvægi þess að framkvæmdir verði utan varptíma og að frágangur sé góður svo að verndargildi svæðisins rýrni ekki.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdin sé þess eðlis að hún þarf að eiga sér stað á þeim árstíma þegar veðurfar og tíð er hagstæð til framkvæmda á sjó og fjöru. Sveitarfélagið mun reyna að haga framkvæmdum þannig að fuglalíf raskist ekki yfir varptímann. Framkvæmdin er á takmörkuðu svæði og leitast verður eftir því sem tók eru á að hún hafi sem minnst áhrif á svæðið á meðan á framkvæmdinni stendur og að þeim loknum.

Loftgæði

Í greinargerð Voga kemur fram að lyktar getur gætt frá dælu- og hreinsistöðvum en er það talið óveruleg lykt sem muni ekki berast víða um nágrennið og takmarkast við svæðið allra næst þeim, en slík er raunin við núverandi fráveitustöð Sveitarfélagsins.

Áhrif á ásýnd og landslag

Í greinargerð Voga kemur fram að landslag ofan við og í grennd við fyrirhugaða útrás og dælu- og hreinsistöð við Grænumborg er graslendi meðfram sjó. Dælu- og hreinsistöð við hafnargarðinn við Hafnargötu er á þegar röskuðu landi og í byggðu hverfi og mun standa hjá gömlu frystihúsi sem er ekki starfrækt lengur og hefur verið nýtt á annan hátt í langan tíma. Mannvirki fyrirhugaðra útrása og dælu- og hreinsistöðvar verða að mestu leyti neðanjarðar. Hreinsivirki verður að hluta til ofanjarðar í húsbyggingu sem leitast verður við að falli sem best að umhverfinu. Sjónræn áhrif fyrirhugaðra framkvæmda eru talin óveruleg þar sem útlit og frágangur mun verða eins og best verður á kosið.

Menningarminjar

Í greinargerð Voga kemur fram að deiliskráning fornleifa í landi Minni-Voga og Austurkots var gerð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006. Samkvæmt þeirri skráningu finnast þrjár fornleifar í grennd við framkvæmdarsvæðin; Verbúð (heimild um verbúð), Búðavör (heimild um lendingu) og Þvottakonunef (heimild um þvottastað). Í fornleifaskráningum kemur fram um minjastaðina að umhverfi þeirra hefur verið raskað með gerð sjóvarnargarðs og minjar eru ekki sýnilegar. Því er talið að áhrif framkvæmda á minjar verði engar.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að skráning þessara minja sé fullnægjandi mótvægisáðgerð vegna fyrirhugaðra framkvæmda á svæðunum. Hinsvegar mun Verbúðin hafa staðið þar sem reisa á dælu- og hreinsistöð við Grænumborgarhverfi og þó ekki sjáist ummerki mannvirkja á yfirborði gætu leifar þeirra enn leynst undir sverði. Minjastofnun telur að áður en framkvæmdir hefjist á svæðinu þurfi að fá fornleifafræðing til að grafa könnunarskurð þar sem talið er að verbúðin hafi staðið. Niðurstöður könnunarinnar gætu leitt til að ráðast þurfi í frekari rannsóknir á staðnum.

Framkvæmdaraðili segir í svari sínu ætla að gangast við því og fenginn verður fornleifafræðingur til að grafa könnunarskurð til að athuga með mögulegar minjar áður en framkvæmdir hefjast.

Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja, Hafrannsóknarstofnun, Minjastofnun og Sveitarfélagið Vogar álíta að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og sé ekki matsskyld.



5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin er í samræmi við stefnu Aðalskipulags Sveitarfélagsins Voga 2008-2028 um eina meginútrás fráveitu norðan Hafnargötu þar sem jafnframt er gert ráð fyrir dæluhúsi fráveitu. Í aðalskipulaginu er hinsvegar ekki mörkuð stefna um dælu- og hreinsistöð á Græ nuborgarsvæði og þarf að bregðast við því með breytingu á aðalskipulagi.

Fyrirhugaðar dælu- og hreinsistöðvar kalla annars vegar á gerð deiliskipulags við Hafnargötu og hinsvegar breytingu á deiliskipulagi Græ nuborgarhverfis.

Framkvæmdin er háð samþykki Umhverfisstofnunar sbr. lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Framkvæmdaleyfi þarf frá Sveitarfélaginu Vogum innan netlaga skv. skipulagslögum nr. 123/2010 og reglugerð um framkvæmdaleyfi ásamt byggingarleyfi sveitarfélagsins skv. lögum um mannvirki og byggingarreglugerð. Samþykki þarf frá Samgöngustofu fyrir legu neðansjárleiðslu, sbr. lög um vitamál, nr. 132/1990. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja gefur út starfsleyfi fyrir fráveitu skv. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit og að lokum þurfa landeigendur að gefa leyfi fyrir nýtingu lands vegna framkvæmdarinnar.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða fyrirhugaðar endurbætur á fráveitukerfi Sveitarfélagsins Voga. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 11.05 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli og staðsetning framkvæmdar og eiginleikar áhrifa

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, úrgangsmýnd, mengun, ónæðis og hættu fyrir heilbrigði manna sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, og vegna fornleifa. Einnig ber að líta til álagsþols náttúrunnar sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Að lokum þarf að skoða eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar með tilliti til styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Um er að ræða tiltölulega umfangslitla framkvæmd. Gera má ráð fyrir raski á fjöru þar sem lögnum verður komið fyrir en áhrif þess teljast, að mati Skipulagsstofnunar minniháttar og staðbundin.

Fyrir liggur að viðtaki telst vera síður viðkvæmur viðtaki, strandsjór fyrir opnu hafi þar sem straumar eru góðir og mun skólpið þynnast hratt út við enda útrásar. Fyrirhuguð útfærsla á fráveitukerfi og meðhöndlun á fráveituvatni er til þess fallin að draga úr neikvæðum áhrifum fráveituvatns á viðtaka. Að mati Skipulagsstofnunar er framkvæmdin ekki líklegt til að hafa umtalsverð áhrif á viðtaka. Skipulagsstofnun tekur hins vegar undir umsögn Umhverfisstofnunar um mikilvægi þess að vöktun fari fram á viðtaka því mikilvægt sé að vistfræðilegt og efnafræðilegt ástandi þess sé með góðu móti og grípa þurfi til aðgerða ef umhverfismarkmið eru ekki uppfyllt.

Framkvæmdasvæðið er í grennd við Mýrarhústjörn sem er á náttúruminjaskrá vegna fjölbreytts fuglalífs og lífríkis, og fellur undir 61. gr. laga um náttúruvernd. Skipulagsstofnun telur að framkvæmdin muni ekki hafa neikvæð áhrif á friðaða svæðið en mikilvægt er að framkvæmdaraðili fari eftir kröfum Umhverfisstofnunar um framkvæmdartíma og frágang á framkvæmdarsvæði.



Vogar á Vatnsleysuströnd standa á Þráinsskjaldarhrauni sem nýtur verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Fyrirhugaðar framkvæmdir fara að mestu fram við jaðar hraunsins þar landi hefur verið raskað og graslendi er ráðandi. Að mati Skipulagsstofnunar verða áhrif á jarðmyndanir óveruleg.

Fornminjar gætu leynst undir sverði þar sem reisa á dælu- og hreinsistöð við Græuborgarhverfi. Skipulagsstofnun bendir á mikilvægi þess að farið sé eftir tilmælum Minjastofnunar áður en framkvæmdir á svæðinu hefjist og skilyrði þess að könnunarskurður fornleifafræðings verði gerður á lóðinni og niðurstöður hans liggi fyrir áður en framkvæmdarleyfi er veitt. Að því gefnu að farið verði eftir tilmælum Minjastofnunar telur Skipulagsstofnun að áhrif á minjar verði líklega óveruleg.

Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun að æskilegt er að notast við sjálfbærar ofanvatnslausnir. Sjálfbærar ofanvatnslausnir eru almennt til þess fallnar að draga úr neikvæðum áhrifum á vatnsbúskap og lífríki.

Skipulagsstofnun minnir á mikilvægi þess að við hönnun fráveitukerfa sé tekið mið af loftslagsbreytingum, þ.m.t. hækkaðri sjávarstöðu og aukinni úrkomu.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 16. febrúar 2022.

Reykjavík, 27. desember 2021.

Egill Þórarinnsson

Þórdís Stella Erlingsdóttir